

Rússar mega ræna, rupla og drepa í Evrópu, segir Donald Trump

Það er gömul saga og ný, að forsetar eða forsetaframbjóðendur í landi hinna frjálsu og hugprúðu hverfi af sjónarsviðinu, vilji þeir hefta völd djúpríkisins eða stuðla að friði. John F. Kennedy (1917-1963) og bróðir hans, Robert F. (1925-1968), eru líklega kunnustu dæmin. Það á reyndar líka við um þá, sem ljóstra upp um svik og ólífnað áhrifamanna eins og Clinton og Obama.

Veröldinni er að miklu leyti stjórnað af auðkýfingum, auðhringum og stofnunum þeirra, eins og Sameinuðu þjóðunum (áður Þjóðabandalaginu), Black Rock, hergagna- og lyfjasamsteypunum, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Alþjóðabankanum, Alheimsefnahagsráðinu (World Economic Forum) og Nató.

Nató (North Atlantic Treaty Organization) var stofnað fyrir tilstilli Bandaríkjanna í lok annarrar heimstyrjaldarinnar. Þá höfðu Íslendingar búið við hernám frelsisunnandi Breta og Bandaríkjamanna, þar á undan Dana.

Eins og bændur og hestamenn vita leitar klárinn þangað, sem hann er kvaldastur. Það gera líka tvífættir Íslendingar. Þeir gengu böðlum sínum á hönd og tóku þátt í stofnun þessa bandalags til varnar sovésku veirunni eða Rússagrýlunni. Slíkt samband er líka þekkt milli pyndingaböðla og fórnarlamba þeirra.

Bandaríski þingmaðurinn, Robert Alphonso Taft (1889-1953), greiddi atkvæði gegn stofnun þessa félagskapar árið 1949, með orðunum:

„Nú þegar hefur verið stofnað til sameiginlegra hernaðaráætlana. ... Því mun það [Nató] verða varnar- og árásarbandalag gegn Rússum. Það er trúá mín, að utanríkisstefna okkar ætti fyrst og síðast að miða að öryggi og friði, og að mínu viti leiðir slíkt bandalag fremur til stríðs en friðar. Þriðja heimstyrjöldin yrði skelfilegasti harmleikur, sem yfir mannkyn gæti dunið.

Jafnvel þótt við ynum slíkt stríð yrðum við að þola gífurlega eyðileggingu, hagkerfi okkar myndi brotna saman og frelsi okkar og frjáls samfélagsskipan myndi fara forgörðum eins og átti við um Evrópu í seinni heimstyrjöldinni. Hún gæti sem hægst eytt öllu lífi af jörðinni.

Hvernig ætli okkur myndi líða ef Rússar tækju upp á því að vígvæða ríki á landamærum okkar eins og Mexíkó, til dæmis? Og svo má spyrja, hvort við höfum efni á þessari nýju aðstoð í útlöndum? ...“

Því miður hefur Róbert reynst sannspár. Nató hefur stundað látlaus stríð frá stofnun þess eða hér um bil. Heilapvottur almennings hefur dugað þessu drápssvalli til framdráttar og réttlætningar.

En það er með heilapvottinn eins og bólusetningarnar. Máttur þeirra þverr smám saman. Því hafa eigendur hergagnaiðnaðarins og nátttröll þeirra í stjórnmalunum, svo og atvinnuhermenn, hafið upp ófagra raust sína enn á ný og sá Rússaveirunni í sálir fólks með dyggri aðstoð fjölmiðla sinna og samherja.

Líklega hefur Donald Trump skotið þeim skelk í bringu. Honum er eins og Davíð forðum, illa við óreiðumenn, og ætlar að láta þá éta það, sem úti frýs, þegar óvígir herir óvildarmannsins, Vonda-Valdimars, sýna á sér fararsnið og stefna vestur.

Það þarf varla að orðlengja það, að steinum var dreift í götu framboðs Roberts til forseta 1952. Hann var sonur fyrrum forseta, William Howard Taft (1857-1930), sem Gyðingaaudkýfingarnir unnu gegn 1912, svo koma mætti handbendi þeirra og stríðsæsingamanni, Thomas Woodrow Wilson (1856-1924), að.

Woodrow okkar tíma er hinn elliæri, Jósef Biden, sem styður dyggilega við kynskiptaaðgerðir á tíu ára börnum og dráp þeirra í hrönnum á Gaza. Annars er ekki víst, að hann reki minni til, hvar Gaza er á jörðinni.

https://www.newworldencyclopedia.org/entry/Robert_Taft

<https://www.history.com/topics/us-presidents/william-howard-taft>

<https://www.realnewsandhistory.com/anyt-02-12-24/>

Viðbót:

https://korybko.substack.com/p/trumps-nato-comments-are-actually?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=141626696&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://sputnikglobe.com/20240212/european-nato-members-know-russia-threat-rhetoric-is-a-lie---expert-1116744370.html>

<https://www.globalpolitics.se/glenn-diesen-biden-vs-trump-har-djupgaende-konsekvenser-for-varldsordningen/>